

BRÁÐABIRGÐALÖG
um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl.

78
2. júlí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarlið Bandaríkjanna dvelst hér á landi, beri brýna nauðsyn til að gera sérstaka skipan á yfirstjórn og framkvæmd varnarmálanna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Sauðárkróki, 2. júlí 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

79
2. júlí

Forseti Íslands hefur í dag gefið út svofelldan úrskurð:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að á eftir orðinu „lögreglumál“ í V. lið úrskurðarins bætist við orðið: dómsmál.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 2. júlí 1954.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.